

## Uppgjör Brims hf. á öðrum ársfjórðungi 2020

- Rekstrartekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi voru 60,3 m€ og 133,1 m€ á fyrri árs helmingi (2F 2019: 49,6 m€, 1H 2019: 105,5 m€). Aukningu rekstrartekna má fyrst og fremst rekja til þess að sölufélög í Asíu eru hluti af samstæðunni í ár, en félögin eru hluti af samstæðureikningsskilum Brims frá 1. október 2019. Rekstrartekjur sölufélaganna, að teknu tilliti til innbyrðis viðskipta námu 25 m€ á öðrum ársfjórðungi og 45 m€ á fyrri árs helmingi 2020.
- EBITDA nam 9,5 m€ á öðrum ársfjórðungi og 17,2 m€ á fyrri árs helmingi (2F 2019: 13,3 m€, 1H 2019: 23,1 m€)
- Hagnaður á öðrum ársfjórðungi var 5,0 m€ og hagnaður á fyrri árs helmingi 5,4 m€ (2F 2019 6,8 m€ hagnaður, 1H 2019: 10,7m€ hagnaður)
- Handbært fé frá rekstri nam 18,9 m€ á fyrri árs helmingi (1H 2019: 31,1 m€)
- Fiskvinnslan Kambur ehf., Grábrók ehf. og Grunnur ehf. eru hluti af samstæðunni frá og með 1. maí. Dótturfélagið Norðanfiskur ehf. var selt í júlí, og hefur rekstur og efnahagur þess félags verið færður undir aflagða starfsemi.

### Rekstur fyrstu sex mánaða ársins 2020

Rekstrartekjur Brims hf. á fyrri helmingi ársins 2020 námu 133,1 m€, samanborið við 105,5 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 17,2 m€ eða 12,9% af rekstrartekjum, en var 23,1 m€ eða 21,9% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 3,7 m€, en voru neikvæð um 2,4 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 0,2 m€, en voru jákvæð um 0,3 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 6,6 m€ og hagnaður tímabilsins var 5,4 m€.

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
í þúsundum evra	2F2020	2F2019	1H2020	1H2019
Seldar vörur .....	60.341	49.562	133.091	105.463
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 50.417)	( 34.146)	( 113.464)	( 79.258)
<b>Vergur hagnaður .....</b>	<b>9.924</b>	<b>15.416</b>	<b>19.627</b>	<b>26.205</b>
Aðrar tekjur .....	0	213	0	213
Útflutningskostnaður .....	( 1.328)	( 2.273)	( 3.583)	( 4.559)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 2.848)	( 3.400)	( 5.952)	( 6.161)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>5.748</b>	<b>9.956</b>	<b>10.092</b>	<b>15.698</b>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 546)	( 1.679)	( 3.691)	( 2.398)
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....	570	267	224	320
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>5.772</b>	<b>8.544</b>	<b>6.625</b>	<b>13.620</b>
Tekjuskattur .....	( 640)	( 1.803)	( 1.011)	( 2.863)
<b>Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi ..</b>	<b>5.132</b>	<b>6.741</b>	<b>5.614</b>	<b>10.757</b>
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi .....	( 114)	28	( 165)	( 71)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>5.018</b>	<b>6.769</b>	<b>5.449</b>	<b>10.686</b>
<b>EBITDA .....</b>	<b>9.483</b>	<b>13.333</b>	<b>17.192</b>	<b>23.084</b>

**Efnahagur**

Heildareignir félagsins námu 749,0 m€ í lok júní 2020. Þar af voru fastafjármunir 622,7 m€ og veltufjármunir 126,2 m€. Eigið fé nam 315,5 m€, eiginfjárhluftall í lok júní var 42,1%, en var 45,3% í lok árs 2019. Heildarskuldir félagsins voru í júnílok 433,4 m€.

Efnahagsreikningur 30.06.2020 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.06.2020	31.12.2019
Fastafjármunir .....	622.706	549.504
Veltufjármunir .....	126.248	151.196
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>748.954</b>	<b>700.700</b>
Eigið fé .....	315.511	317.364
Langtímaskuldir .....	338.242	321.245
Skammtímaskuldir .....	95.201	62.091
<b>Eigið fé og skuldir samtals.....</b>	<b>748.954</b>	<b>700.700</b>

**Sjóðstreymi**

Handbært fé frá rekstri nam 18,9 m€ á tímabilinu, en nam 31,1 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 40,8 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 4,1 m€. Handbært fé lækkaði um 26,6 m€ á tímabilinu og var í lok júní 26,9 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2020	2019
í þúsundum evra	1.1.-30.06	1.1.-30.06
Handbært fé frá rekstri .....	18.863	31.063
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 40.758)	24.249
Fjármögnunarhreyfingar .....	( 4.065)	( 39.475)
Handbært fé flutt á eignir og aflagða starfsemi til sölu .....	( 673)	0
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....</b>	<b>( 26.633)</b>	<b>15.837</b>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins.....</b>	<b>26.864</b>	<b>54.116</b>

**Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna**

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrri árshelming 2020 (1 evra = 148,06 kr) verða tekjur 19,7 milljarðar króna, EBITDA 2,5 milljarðar og hagnaður 0,8 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2020 (1 evra = 155,4 kr) verða eignir samtals 116,4 milljarðar króna, skuldir 67,4 milljarðar og eigið fé 49,0 milljarðar.



## Uppgjör Brims hf. á öðrum ársfjórðungi 2020

---

### Skipastóll og afli

Í lok júní gerði samstæðan út 10 fiskiskip, en línubátarnir Kristján HF-100 og Steinunn HF-108 bættust við þegar Grunnur ehf. og Grábrók ehf. urðu hluti af samstæðunni 1. maí síðastliðinn.

Á fyrri árshelmingi ársins 2020 var afli skipa samstæðunnar 23,0 þúsund tonn af botnfiski og 34,0 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Á sama tíma 2019 var afli skipa samstæðunnar 26,5 þúsund tonn af botnfiski og 43,6 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

### Önnur mál

Áhrif veirufaraldursins COVID-19 á rekstur samstæðunnar hafa verið umtalsverð á tímabilinu. Stjórnendur og starfsmenn félagsins hafa markvisst unnið að því að hlúa að öryggi starfsmanna og með samstilltu átaki hefur tekist að koma í veg fyrir röskun á starfsemi. Gripið hefur verið til margháttæðra varnaraðgerða gegn smiti og mikil áhersla lögð á aukið hreinlæti, aðskilnað starfsmanna, takmörkun á aðgengi að starfsstöðvum og annað sem tengist sóttvarnaraðgerðum.

Breytingar hafa orðið á mörkuðum víða um heim, með breyttu neyslumynstri matvara og margvíslegum efnahagslegum áhrifum. Til að mynda hafa veitingahús og mótuneyti á lykilmörkuðum samstæðunnar ýmist verið lokuð eða með skerta starfsemi og söluleiðir því aðrar en áður. Aukin sala hefur hins vegar verið á sjávarafurðum á öðrum mörkuðum s.s. í smásöluverslunum. Flutningaleiðir, ekki síst í lofti, en einnig á sjó, hafa raskast og kostnaður aukist og einnig hefur framleiðslusamsetning breyst vegna framangreindra þátta.

Áhrif heimsfaraldursins á rekstur Brims á næstu mánuðum og misserum ræðst eðlilega af þróun heimsfaraldursins og alkunna er að þar ríkir mikil óvissa. Stjórnendur Brims fylgjast náið með þróun mála á helstu mörkuðum en samstæðan er vel í stakk búin til að takast á við breyttar aðstæður, en ekki er hægt að segja til um það hversu mikil áhrif faraldurinn mun hafa á rekstur og efnahag samstæðunnar.

### Kristján Þ. Davíðsson, stjórnarformaður Brims hf.:

*Erfiðar gæftir og minni veiði uppsjávarfisks, áhrif covid heimsfaraldursins á markaði og gagnger endurnýjun og tæknivæðing botnfiskvinnslu félagsins í Norðurgarði einkenndu rekstur á fyrri árshelmingi. Í ljósi framangreindra aðstæðna er niðurstaða uppgjör Brims á fyrri árshelmingi ársins 2020 ásættanleg segir Kristján Þ. Davíðsson.*



## **Uppgjör Brims hf. á öðrum ársfjórðungi 2020**

---

### **Kynningarfundur þann 21. ágúst 2020**

Rafrænn kynningarfundur um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi verður haldinn föstudaginn 21. ágúst klukkan 8:30. Í ljósi aðstæðna fer hann eingöngu fram í gegnum fjarfundabúnað. Hægt er að sækja um aðgang að fundinum á pósthfangið [kynning@brim.is](mailto:kynning@brim.is).

Kristján Þ. Davíðsson stjórnarformaður mun kynna uppgjórið og svara spurningum.